



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 14. nóvember 2016
1610002 PG

Varðar: **Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um undirbúning að innleiðingu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínan)**

Á fundi stjórnar SSH hinn 7. nóvember sl. var eftirfarandi bókað og samþykkt:

4. mál: Borgarlínan

Fyrir fundinum lágu eftirtalin skjöl:

Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaganna um undirbúning og innleiðingu nýs hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaðaráætlun vegna vinnu við 1. áfanga við mótun verkefnisins, fram til maíloka 2017.

Samþykkt að senda ofangreint til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu hjá aðildarsveitarfélögunum. Stefnt að því að niðurstaða geti legið fyrir á aðalfundi SSH 2. desember n.k.

Í samræmi við ofanritað fylgir hjálagt framangreind tillaga ásamt tilgreindum fylgiskjöllum sem óskast tekin til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu sem fyrst.

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Hjálagt:

- a) Tillaga að samkomulagi aðildarsveitarfélaganna
- b) Fylgiskjal 1 – Innleiðing í svæðisskipulag og aðalskipulag
- c) Verk- og tímaáætlun v. undirbúnings að innleiðingu Borgarlínu
- d) Kostnaðaráætlun jan – maí 2017 og skipting kostnaðar milli sveitarfélaganna.